

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

#### *Garðahraun.*

Breytingarnar ná til deiliskipulags Garðahrauns sem upphaflega var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 15. maí 2003 með síðari breytingum. Breytingarnar gera ráð fyrir því að tenging Garðahraunsvegur (gamla Álftanesvegur) við Herjólfstraubraut leggist af, tengingar og stígar við gatnamót við nýja Álftanesveginn breytast til aðlögunar að nýrri útfærslu gatnamóta auk ýmissa smærri breytinga á vegum og tengingum. Lega götunnar Steinprýði (hjá Gimli) sem og lóðamarka og byggingarreita breytist. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og er þar nú gert ráð fyrir útivistarsvæði í hrauninu. Hljóðvarnir (jarðvegsmánir og skermar) milli byggðarinnar og nýja Álftanesvegur eru felldar brott þar sem þeirra reynist ekki þörf eftir breytingar sem gerðar voru á útfærslu framkvæmdarinnar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 9. október 2017.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2017